

Breytingartillaga 1

3.2. Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Skal stjórn boða til hans með minnst mánaðar fyrirvara með auglýsingu í Hraunbyrgi og bréflega eða með tölvupósti til allra Hraunbúa og skal geta dagskrár.

3.2 Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Skal stjórn boða til hans með minnst mánaðar fyrirvara. Boðun skal fara fram með auglýsingu á heimasíðu félagsins og jafnframt með tölvupósti til allra Hraunbúa. Skal boðun geta dagskrár.

Hér er um að ræða einföldun og nútímavæðingu.

Breytingartillaga 2

3.5 Skýrsla stjórnar skal liggja fyrir fjölfölduð á aðalfundi, eða rafrænt á miðlum félagsins. Yfirfarnir ársreikningar skulu lagðir fram á stjórnarfundi minnst viku fyrir aðalfund.

Nútímavæðing

Breytingartillaga 3

3.6 Stjórn félagsins samanstendur af 7 einstaklingum: Félagsforingja, aðstoðarfélagsforingja, ritara, gjaldkera og 3 meðstjórnendum. Aðalfundur kýs stjórnarmenn til tveggja ára í senn.

- Á oddatöluári eru félagsforingi, ritari og meðstjórnandi kosin.
- Á sléttöluári eru aðstoðarfélagsforingi, gjaldkeri og tveir meðstjórnendum kosin.

Stefnt skal að því að jafnan sé minnst einn stjórnarmanna kjörinn úr hópi forráðamanna starfandi skáta undir 16 ára aldri. Varamenn stjórnar eru kosnir til eins árs í senn.

Verður:

3.6 Stjórn félagsins samanstendur af níu einstaklingum: Félagsforingja og átta meðstjórnendum. Aðalfundur kýs stjórnarmenn til tveggja ára í senn.

Á oddatöluári eru félagsforingi og fjórir meðstjórnendum kosnir.

Á sléttöluári eru fjórir meðstjórnendum kosnir.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Stjórn getur hvenær sem er ákveðið að skipta verkum innan stjórnar upp á nýtt. Skipa þarf í hlutverk gjaldkera. Einnig skal tryggja skipun formanns skálanefndar, dagskrárforingja og sjálfbóðaliðaforinga úr röðum félagsins.

Stefnt skal að því að jafnan sé minnst einn stjórnarmanna kjörinn úr hópi forráðamanna starfandi skáta undir 16 ára aldri.

Með þessu er fallið frá kjörum í ákveðin embætti. Stjórn fær heimild til að skipta með sér verkum eftir því hvað hentar hverju sinni. Jafnframt er fallið frá kosningu varamanna og hlutverk varamanna sem daglegum hluta stjórnar fest í sessi.

Breytingartillaga 4

3.7 Ef stjórnarmeðlimur óskar eftir því að víkja úr stjórn vegna óviðráðanlegra ástæðna tekur fyrsti varamaður sæti í stjórn og annar varamaður ef annar þarf að víkja. Varamaður tekur ávallt sæti meðstjórnenda nema full sátt sé um annað í stjórn. Víki þeir eða fleiri úr stjórn skal boða til félagsfundar.

3.7 Ákveði meðlimur úr stjórn að falla frá stjórnarsetu á miðju kjörtímabili hefur stjórn heimild til að skipa til sín annan einstakling. Falli fleiri en tveir frá stjórnarsetu milli aðalfunda skal stjórn boða til aðalfundar. Ákveði félagsforingi að falla frá stjórnarsetu skal boða til aðalfundar, stjórn hefur heimild til að skipa nýjan félagsforingja þangað til.

Stjórn er tryggt ákveðið vald til að grípa inn í einfaldar aðstæður milli aðalfunda

Breytingartillaga 5

5.4 Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og skulu tillögur að lagabreytingum vera skriflegar og berast stjórn þremur vikum fyrir aðalfund. Laganefnd skili tillögum sínum til lagabreytinga til stjórnar viku fyrir aðalfund og skulu þá framlagðar tillögur liggja frammi í Hraunbyrgi til sýningar, **eða verði gerðar aðgengilegar á miðlum félagsins**. Tveir þriðju hlutar kosningabærra fundarmanna skulu a.m.k. greiða atkvæði með lagabreytingum svo þær öðlist gildi.

Nútímavæðing